

2294. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 24. maí 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlöðversson, Pálmi Haraldsson og Unnar Stefán Sigurðsson.

Fjarverandi: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður og Tinna Hrund Hlynsdóttir

Mættur varamaður: Hildur Jóna Þorsteinsdóttir (tók sæti Tinnu Hrundar Hlynsdóttur)

Mættur sviðsstjóri innanlandssviðs: Birkir Sveinsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn:

- Fundargerð síðasta fundar (2293)
 - Fundargerð fjárhags- og endurskoðunarnefndar 11. maí 2024.
 - Fundargerð mótanefndar 13. apríl 2023
 - Fundargerð mótanefndar 26. apríl 2023
 - Fundargerð mótanefndar 27. apríl 2023
 - Fundargerð mótanefndar 28. apríl 2023
 - Fundargerð mótanefndar 2. maí 2023
 - Fundargerð mótanefndar 20. maí 2023
 - Fundargerð mótanefndar 22. maí 2023
 - Áskorun byggðarráðs svf. Skagafjarðar
 - Drög að stefnu KSÍ 2023-2026
 - Minnisblað varðandi afmæli KSÍ
 - Greinargerð Viðar Más Matthíassonar fv. dómara við hæstarétt og prófessors við HÍ varðandi ábyrgð sjálfbóðaliða (unnið fyrir ÍSÍ) og meðfylgjandi tölvupóstur frá ÍSÍ
-

Borghildur Sigurðardóttir fyrsti varaformaður stýrði fundi í forföllum Vöndu Sigurgeirsdóttur formanns.

1. Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt
 - a. Fundargerð 2293.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar og fluttar fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Orri V Hlöðversson formaður ÍTF flutti fréttir af vettvangi ÍTF. Orri greindi stjórn frá því að verið að setja upp myndavélar í samstarfi við OZ í Lengjudeild karla, þá er einnig verið að leita lausna varðandi myndavélar fyrir Lengjudeild kvenna þar sem OZ vélar eru ekki fyrir hendi. Þá kom fram að aðsókn er góð í fyrstu umferðum Bestu deildanna.
 - b. Fundargerð fjárhags- og endurskoðunarnefndar 11. maí 2024. Borghildur Sigurðardóttir formaður nefndarinnar upplýsti stjórn um að þriggja mánaða uppgjör sambandsins er í samræmi við áætlun ársins.
 - c. Fundargerðir mótanefndar 13. apríl, 26. apríl, 27. apríl, 28. apríl, 2. maí, 20. maí og 22. maí 2023.
3. Ársþing KSÍ
 - a. Stjórn KSÍ þakkar þeim félögum sem sýnt hafa áhuga á að hýsa ársþing KSÍ á komandi árum.
 - b. Stjórn KSÍ samþykkti að næsta ársþing verði haldið í félagsaðstöðu Fram í Reykjavík 24. febrúar 2024. Stjórn KSÍ samþykkti enn fremur að veita framkvæmdastjóra KSÍ umboð til að ganga til samninga við Fram.
4. Lög og reglugerðir
 - a. Engar tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum lágu fyrir fundinum.

5. Skipan í nefndir og starfshópa

a. Stjórn samþykkti eftirfarandi fulltrúa í nefnd:

Knattspyrnu- og þróunarnefnd:

- ✓ Ívar Ingimarsson, formaður
- ✓ Ásthildur Helgadóttir
- ✓ Ásgerður S. Baldursdóttir
- ✓ Margrét Lára Viðarsdóttir
- ✓ Daði Rafnsson
- ✓ Pálmi Haraldsson
- ✓ Davíð Snorri Jónasson
- ✓ Fulltrúi ÍTF
- ✓ Starfsmenn nefndarinnar: Arnar Bill Gunnarsson og Jörundur Áki Sveinsson.

b. Stjórn samþykkti eftirtalda í starfshóp:

Starfshópur um leyfismál (tillaga frá 77. ársþingi KSÍ)

- ✓ Haukur Hinriksson, KSÍ
- ✓ Sigfús Ásgeir Kárason, KSÍ
- ✓ ÍTF – 2 fulltrúar

6. Verkefni milli funda

- a. Lögð fram drög að stefnumótun. Stjórnarfolk hvatt til að fara yfir þessi gögn og koma með athugasemdir.
- b. Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz og Fannar Helgi Rúnarsson leyfisstjóri funduðu með fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga og fulltrúum ÍTF þann 19. maí síðastliðinn vegna ályktunar 77. ársþings KSÍ um flóðljós. Fundurinn var gagnlegur og var fundarfolk sammála um mikilvægi þess að halda uppi góðu samtali milli aðila.
- c. Lögð var fram og rætt um áskorun byggðarráðs svf Skagafjarðar.
- d. Rætt um 80 ára afmæli KSÍ, 26. mars 2027 og lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra. Frekari umræðu og ákvörðun var frestað.
- e. Varaformaður KSÍ, Borghildur Sigurðardóttir, greindi stjórn frá Norðurlandafundi sem fram fór í Færeyjum þann 12. maí síðastliðinn. Meðal þess sem var á dagskrá fundarins var umræða um framtíð Norðurlandamóta, VAR á Norðurlöndum og framtíð Norðurlandasamstarfsins.
- f. Varaformaður KSÍ, Borghildur Sigurðardóttir, greindi stjórn frá nýjustu fréttum tengdum Þjóðarleikvangi ehf. en niðurstaða markaðskönnunar verður kynnt á næstunni. Stjórn KSÍ er sammála um breytinga er þörf og að fara eigi í samskonar ferli með Þjóðarleikvang eins og gert er með Þjóðarhöll. Í kjölfarið verði Þjóðarleikvangur ehf lagður niður.

7. Mótamál

- a. Stjórn KSÍ ræddi ýtarlega um mótamál. Birkir Sveinsson mótastjóri fór yfir það hvaða áhrif lokakeppni U19 karla og kvenna geti haft á niðurröðun í efstu deild karla og kvenna, ef tekin verður sú ákvörðun að fresta leikjum í mótum sumarsins af þessum ástæðum. Í Bestu deild kvenna er hægt að leika þéttar í kringum Verslunarmannahelgina en í Bestu deild karla verður að öllum líkindum að fresta leikjum og finna nýja leiktími síðar. Svo gæti farið að Mjólkrubikar karla (undanúrslit og úrslit) og mögulega úrslitakeppni BD karla verði leikinn fram í lok október. *Stjórn KSÍ samþykkti að fresta leikjum hlutaðeigandi félaga ef óskir berast um slíkt.* Mótanefnd KSÍ, í samráði við ÍTF, var falið að finna bestu mögulegu útfærslu og að boða til fundar með félög í deildinni um málið um leið og hópur verður tilkynntur.
- b. Stjórn KSÍ ræddi um dómaramál. Halldór B Jóhannsson formaður dómara nefndar greindi frá áhugaverðum sjónvarpsþætti þar sem íslenskum dómara er fylgt eftir í leik.

8. Landsliðsmál

- a. Stjórn KSÍ ræddi um A landslið karla og ferðatilhögun í haustleikjum. Frekari umræðu frestað.

9. Önnur mál

- a. Rætt var um greinargerð Viðar Más Matthíassonar varðandi ábyrgð sjálfbóðaliða. Stjórn KSÍ er sammála um alvarleika málsins og er einhuga í því að tryggja þurfi aðstæður sjálfbóðaliða. Stjórn ÍSÍ er hvött til dáða við að skoða tryggingamál sjálfbóðaliða og að vinna að öruggara umhverfi fyrir sjálfbóðaliða og starfsfólk hreyfingarinnar. Framkvæmdastjóra KSÍ var falið að ræða málið frekar við framkvæmdastjóra ÍSÍ.
- b. Varaformaður KSÍ, Borghildur Sigurðardóttir og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ voru fulltrúar sambandsins í 50 ára afmæli Leiknis 17. maí síðastliðinn.
- c. Næstu stjórnarfundir:
 - ✓ 14. júní
 - ✓ 20. júní (stjórn, varamenn og landshlutafultrúar)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 19:30.

Birkir Sveinsson
Fundarritari

